



Emil Schumacher: „Temus“ 1987.

fletti upp í einu blaðinu og þá blasa strax við mér minningarorð um góðvin minn frá München árunum Óttar Pétur Halldórsson. Auðvitað snöggbra mér og hafði lítinn áhuga á frekari blaðalestri. En alla leiðina til Frankfurt var ég að hugsa um árin í München, því að við Óttar höfðum margt brallað saman og hann var einn af þeim lífsglöðustu í Íslendinganýlendunni. En svona skrifast lífsins strik, og ég vissi að heilsuleysi hafði hrjád hann lengi.

Leið mín lá niður mikla breiðgötu í beinni línu frá forhlið brautarstöðvarinnar og von bráðar kom ég auga á hótelskilti á hliðargötu nokkurri og dat í hug að reyna þar, en hröklaðist fljótlega öfugur út „ekkert ekkert hér“, sagði afgreiðslumaðurinn næstum því reiðilega. En á næsta götuhorni var annað hótél og það ótrúlega gerðist, eitt herbergi var laust og ég tók það á augabragði.

Skundaði svo léttstígur til baka til að ná í dótið og tók leigubíl á hótelið, en leigubílstjórinn varð steinhissa og spurði mig af hverju ég gengi ekki frekar, því það væri svo stutt. Ég sagði að það væri svo sem allt í lagi ef hann gengi með mér og héldi á bókatöskunum, og þá hló kaudi.

Ég var kominn í besta skap er ég hafði komið töskunum fyrir í herberginu og ákvað að þjóna efninu og leita að matsölustað. Fann fljótlega sjálfsafgreiðslustað og fékk mér einhvern kjótrétt og bjór. Fór svo að borga og þá sé ég fyrir framan mig kunnulegan baksvip og hnippi í manninn, sem reyndist vera Jóhann Hjálmarsson skáld, sem einmitt var á bókkakaupstefnunni á vegum blaðsins. Við settumst við borð og ég sagði honum frá ævintýri mínu með hótelið, og þá kvaddist hann búa í lítilli borg í nágrenninu sem Ascaffenburg nefndist og vera á hraðferð. Mátti rétt aðeins vera að því að hvolfi í sig einu björglasi því lest þangað færi von bráðar, en sagði mér að ég gæti hitt sig í blaðstúku kaupstefnunnar kl. 3 daginn eftir. Sagðist ég mundu koma ef ég næði að skoða það sem væri á dagskrá hjá mér.

Furðuleg tilviljun að rekast á Jóhann nýkominn til þessarar stórborgar, en ég átti eftir að verða enn meira hissa er ég eftir gott það á hótelinu skömmu seinna las hótelskríteinu, því að ég reyndist búa á Palace Hotel við Münchener Strasse 40! Eins og fyrr segir hafði ég verið að hugsa til Óttars og borgarinnar við Arnó alla leiðina frá Bonn, og ég var ekki frá því að hér hafi æðri máttarvöld verið að verki.

Fyrsta safnið sem ég heimsótti daginn eftir var Schirn Kunsthalle, sem er eitt af nýjustu söfnum Þýskalands og þegar víðfrægt fyrir sérkennilegan byggingarstíl og athyglisverðar núlístaýningar.

Er mig bar að garði var þar mjög

akademísk sýning eldri Feneyjalistar og skildi ég alls ekki hvernig þessar myndir gátu ratað á þetta safn, en kannski hafa menn séð einhverja hugmyndafræði í myndunum, en fyrir mín augu var þetta steingelt, nema með nokkrum ágætum undantekningum, en þá voru það klassískir meistara, sem síður áttu heima á þessu samsafni.

Næst var það borgarlistasafnið Städel og það væri synd að segja að ég hafi orðið fyrir vonbrigðum þar. Í sérbyggingu var stór yfirlitsýning á verkum „informel“ listamannsins Emils Schumacher (f.1912), en list hans þekki ég frá Münchenárunum er hann sýndi í listhúsi van der Loo. Þetta voru málverk frá árunum 1936-1991 og sýningin orkaði firnasterkt á mig, ekki síst fyrir það hve vel og faglega hún var sett upp. Sjálft safnið er mjög gott og úrvalið mikið bæði af nýrri sem eldri list. Einkum þóttu mér deildir eldri listar magnaðar og drjúga stund stóð ég fyrir framan hina miklu altarástöflu Hans Holbeins eldra, sem fyrrum prýddi háaltari Dóminikarkirkjunnar, auk þess sem ég leitaði þangað aftur og aftur. Altaristaflan er einfaldlega svo merkileg heimild frá síðgotnenska tímabilinu, er líkast var sem allir andar væru í uppnámi og hún er einmitt máluð um aldamótin 1500, sem með fágætri nákvæmni boðuðu strauma nýrri tíma og hinn gamli aldatugahelmingur eins og bylti sér í dauðateygjum.

Í nágrenni safnsins er mikið af fleiri söfnum og sumum nýjum, t.d. listiðnaðarsafn og kvikmyndasafn og þessi blettur borgarinnar sem er við Main fljótið ber af því nafn og nefnist Museumsufer, þ.e. söfnin við árbakkann. Ég var mættur í blaðastúku bókkakaupstefnunnar klukkan rúmlega 3, en engan fann ég Jóhann þótt ég leitaði vel, en þess skal gætt að hér var ekki um lítið afmarkað svæði að ræða heldur voru einnig veitingastaðir úti og inni í tengslum við upplýsingaskrifstofuna. Ég valdi að fá mér að borða inni og vonaði að Jóhann leitaði mín þar. Fékk mjög ríkulegan málsverð og naut þess að horfa á ábúðarmikla blaðamenn og viskubrunna í hrókaræðum allt um kring. Og eins og reglur kveða á um stefnumót í stórborgum beið ég í klukkustund en fór svo að skoða bækur um myndlist. Fljótlega uppgötvaði ég að ég átti mikið erindi á kaupstefnuna, því að fyrir mér opnaðist nýr heimur og ég sá listheiminn í öðru ljósi. Einfaldlega voru bækurnar margar um allt aðra listamenn en listtímarit halda einna mest fram og ég reiknaði dæmið þannig, að listaverkabækur væru framleiddar til að seljast og að það væri mest fólk með sannan áhuga fyrir myndlist sem keypti þær. Þannig að listtímarit hugsuðu mun meira um markaðsstningu einstakra listamanna, en að kaupstefnur sem slíkar

ar gæfu betri mynd af listáhuga almennt. Þjóðverjar kaupa nefnilega yfirleitt bækur til að lesa þær og skoða, en ekki sem stöðutákn, eða fyrir snobbið eitt. Ég sá þarna glæsilegar útgáfur um myndlistarmenn, sem ég þekki mjög vel og met mikils, en listtímarit halda lítið fram. Fjölbreytt úrval dagatala var hreint magnað fyrir frábæra litgreiningu og hönnun.

Ég átti góðar stundir í Goethehúsinu og fornleifasafninu sem er mjög gott og furðaði mig á því hve fáir gestir voru þar, sem hlýtur að stafa af ókunnugleika. En það er líka svo mikið að sjá í Frankfurt að eitthvað mætir sjálfsgangi og sjálfur rakst ég bókstaflega á það frekar en ég væri að leita að því.

Frankfurt er mikil borg og borgarlífið fjölskrúðugt, og í ljósi þess að einungis örfá hús stóðu uppi eftir heimsstyrjöldina síðari er uppbyggingin kraftaverk. Mér leið mjög vel þar og hef fullan hug á að koma þangað aftur enda náði ég einungis að hesthúsa flest er fyrir augu bar í skyndi.

Einna minnisstæðast af mannlífslórunni eru mér þó eitruyfjafklarnir, en af þeim sá ég meir en ég minnst í annan tíma, þeir voru allt um kring þar sem ég bjó og á fyrrnefndri breiðgötu, og ég sá hvað eftir annað dópfílera, þ.e. dópsala tekna fasta, og eitt sinn stóð lögreglan sigri hrósandi yfir einum sem lá flatur á gangstéttinni og var auðséð að þeir höfðu náð í mikilvægan tengilið. Jafnvel sá ég mann tekinn fastan fyrir framan hótelið mitt. Hótelið var nú ekki sú höll sem nafnið gæti bent til og frekar í miðlungsflokki eða þar fyrir neðan. Herbergið mitt var ekkert til að hrópa húrri fyrir en baðið var gott og rúmið ágætt og það er einmitt draumur minn á ferðalögum. Þetta var á annarri hæð og hurðin hafði nýlega verið brotin upp og lásinn bilaður, en ég fékk gert við hann og var alls óhræddur, því ég taldi það tengdist þeim sem bjó í herberginu á undan mér frekar en að vera innbrot.


Ég yfirgaf safnabakkann, var kominn yfir brúna og stefndi að gyðingasafni þar skammt frá en í ljós kom það var lokað. Vildi stytta mér leið út á aðalgötu og gekk yfir lítinn garð bak við það. Þá varð ég var við að í honum var krökkt af döpistum, sumir sátu á jörðunni og hituðu nálar yfir þrimusloga. Ég áráddi samt að ganga í gegnum garðinn, því að ég sá strax að fíklararnir voru ekki til stórræða, en aldrer hef ég séð neitt ömurlegra en öll þessi starandi og kinnfiskasognu andlit.

Margræð og blendin tilfinning var samfara því að koma úr ríkmannglegum og glæstum söfnum, hafa séð snilldarverk aldanna og verið innan um vakandi og heilbriggt fólk, en hafa því næst slíkar dreggiar mannlífsins í beinu sjónmáli.

## Ragna Ingimundardóttir leirlistakona á Kjarvalsstöðum

# Kall í kerri

„ÞETTA eru manneskjur sem ég hef hitt. Alls konar fólk. Litríkar persónur eða mildar, hvassar eða mýktin uppmáluð. Hver gripur hefur sinn karakter.“ Ragna Ingimundardóttir leirlistakona á við vasa og skálar og lampa sem hún hefur mótað og málað síðan síðla árs 1991 fyrir sýningu sem er opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Hún hefur gaman af að vinna stóra hluti, móta marga í sama form og gæða þá hvern sínu sérstaka lífi með litum og mynstri. „Þeir eru sterkir í forminu,“ segir hún „og standa sig sem hlutir. Skúlptúrar, ekki til nytja. Ég vel þekkt og sígild form frekar en óhlutbundin, vegna þess þau verða ekki leiðigjörn. Hlutirnir hafa verið eitthvað og halda tengslum við ákveðinn tilgang þótt þeir hafi vaxið langt upp af rótinni.“



Morgunblaðið/Kristinn

Ragna Ingimundardóttir leirlistakona, en á efri myndinni eru skissur hennar af mynstri fyrir leirker.

Ragna lauk prófi úr keramikdeild Myndlista- og höndfaskóla Íslands og hélt síðan til Hollands í framhaldsnám. Síðan hún kom aftur heim fyrir ellefu árum hefur hún haft leirkeraverkstæði í Strönd við Nesveg. Þar vinnur hún á mánuðögum og þriðjudögum og stundum um helgar, lætur aðstöðuna duga sem vinnustofu, sýningarhall og verslun. Í liðinni viku flutti Ragna verkin sín, vafin í dagblöð, á Kjarvalsstaði og kom þeim fyrir uppi á kössum. Þegar blaðamaður hitti hana var hún í miðjum klíðum, hávaxnir vasar og víðar skálar um allt gólf. Þótt lögum gripanna sé aðeins ferns konar er síbreytileiki í leirnum, alls konar litir, ólík mynstur og áferð.

Ragna notar ýmiskonar aðferðir við að lita leirinn, pensil og svamp og tannbursta og vír. Hún útbýr litina sjálf, velur saman steinefnaduft og blandar vatni. Áður gerir hún prufur, enda sést ekki endanleg útkoma fyrr en eftir að leirkerin hafa verið brennd. Þegar hún málar á þau kemur mynstrið einungis fram í misgráum tönum.

En fyrst mótar hún formið í leir, í fullri stærð og gegnheil, steypir svo gífs yfir það og tekur skurnina aftur af leirnum þegar hún er þornuð. Þá smyr hún innan í gífsbrot-

in og raðar þeim strax saman í heilan grip. Þegar leirinn þornar losnar hann frá gífsinu og enn þarf að brjóta það utan af hlutnum. Því næst málar Ragna hann í mynstrum sem hún hefur áður fundið með vatnslitum á pappír. Mynstrum af manneskjum. Þá fer hann í ofn og eftir svo sem tvo sólarhringa tekur listakonan út litríkan grip. Stundum litar hún hann aftur og brennir í annað sinn, alltaf þarf að biða á milli. Óþolinmóðum blaðamanni fer nú ekki að verða um sel.

Ragna segir af rósemd sem virðist einkenna hana að vinna í leirlist krefjist óneitanlega þolinmæði og sé í ofanálæg heimikið puð. „Ég bý til stóra og þunga hluti, það kostar líkamlegt erfiði og endurteknar bið. En þetta er það sem mig langar að gera. Ég gæti ekki vaðið úr einu listformi í annað, þannig verður enginn góður.“

Hún kveðst ánægð með verk sín hverju sinni, en fullviss um að hún sé rétt að byrja. „Framþróun kemur af sjálfu sér. Ég held mig á ákveðinni línu, en leirker frá því fyrir fáum árum eru þó gerólik þessu sem ég sýni núna. Svona gerist þetta, án ákvarðana eða inngripa. Ég vinn einmitt með leir vegna þess að það er spennandi.“

D.P.